

Vörður á leið til læsis – ferilbók

DRÖG

Nafn: _____

Fæðingardagur: _____

Dagsetning þegar barnið byrjaði í leikskóla: _____

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Mál og læsi	4
Lita-, tölustafa- og bókstafakerfi.....	4
Viðmiðunartímabil	5
Pegar upplýsinga er aflað	5
Leiðbeiningar um skráningu í ferilbókina	6
Íhlutun.....	6
Yfirlit yfir skólaferil barnsins	7
Vörður á leið til læsis.....	8
Leshömlun*	8
Tvítýngi*	8
Viðmiðunaráldur 1–2 ára	9
Viðmiðunaráldur 2–3 ára	10
Skráning TRAS	12
Viðmiðunaráldur 3–4 ára	13
Skráning EFI-2	15
Viðmiðunaráldur 4–5 ára	16
Skráning HLJÓM-2	18
Viðmiðunaráldur 5–6 ára	23
Viðmiðunaráldur 6–7 ára	25
Viðmiðunaráldur 7–8 ára	26
Viðmiðunaráldur 8–9 ára	27
Viðmiðunaráldur 9–10 ára	28
Skráning lesskimunarprófa	29
Skráning lesskilningsprófsins Orðarúnar	35
Skráning á samræmdu prófi	37
Skráning hraðaprófa í lestri	38
Skýringar með ferilbók	41
Heimildir	46

Inngangur

Vorið 2014 skilaði undirrituð meistaraprófsverkefni sem ber heitið Ferilbók – Vörður á leið til læsis. Markmið verkefnisins var að búa til ferilbók sem ætlað væri að halda utan um þróun máls og læsis barna á aldrinum eins til tíu ára. Um er að ræða skráningarkerfi þar sem leiðin til læsis er vörðuð. Ferilbókinni er einnig ætlað að halda utan um niðurstöður þeirra skimana og prófa sem nú þegar eru notuð í leik- og grunnskólum. Ferilbókin byggir á fræðilegri greiningu á bernskulæsi, málþroska, lestri og ritun, leshömlun og tvítýngi. Ferilbókin gegnir ekki einungis því hlutverki að halda utan um þróun máls og læsis heldur skapar hún einnig tækifæri til ákveðinnar samfellu í námi barnsins, bæði innan skóla sem og milli skólastiga.

Skólaárið 2014–2015 var ferilbókin þróuð áfram í samstarfi við fagfólk í leik- og grunnskólum á Norðurlandi. Alls tóku fjórir grunnskólar og fimm leikskólar þátt í því þróunarverkefni. Markmið verkefnisins var að prufukeyra ferilbókina og próa hana áfram. Kennararnir sem tóku þátt í verkefninu skráðu markvisst í bókina á ákveðnu tímabili, rýndu í innihald hennar og framsetningu og komu því á framfæri á rýnifundum sem haldnir voru reglulega yfir skólaárið. Undirrituð vann úr gögnunum og lagfærði og bætti inn í ferilbókina með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu á rýnifundum.

Þátttakendur í þróunarverkefninu, stjórnendur þátttökuskólanna, kennarar við Háskólann á Akureyri sem veittu ráðgjöf við þróun verkefnisins, prófarkalesarar og allir aðrir sem tekið hafa þátt í verkefninu og veitt stuðning fá bestu þakkir fyrir góða rýni, aðstoð og ráðgjöf.

Það er von mín að kennarar sjái sér og nemendum sínum hag í að nota ferilbókina í þeim tilgangi að halda utan um og styðja við þróun máls og læsis. Ferilbókina er jafnframt hægt að nýta sem markmiðasetningu í þeim tilgangi að einstaklingsmiða kennslu, stuðning og íhlutun til að mæta þörfum hvers og eins nemanda.

Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir

Mál og læsi

Þegar ferilbókin er skoðuð sést að bernskulæsi og málþroski koma að einhverju leyti inn á lestur en sterk tengsl eru á milli allra þátta læsis og þar af leiðandi getur verið erfitt að skýra mörkin á milli þeirra. Bernskulæsi hefur verið skilgreint sem sú þekking, færni og viðhorf sem börn tilenka sér um læsi, bæði í skóla og heima, áður en formleg lestrarkennsla hefst (Gunn, Simmons og Kemeenui, 1995, bls. 4–5; Halldóra Haraldsdóttir, [án ártals]). Ferilbókin byggir meðal annars á hugmyndum um bernskulæsi, þar af leiðandi eru atriði sem falla undir þróun lestrar og ritunar áður en formleg lestrarkennsla hefst gulmerkt eins og aðrir þættir bernskulæsis. Að sama skapi ná atriði í ferilbókinni sem falla undir bernskulæsi aðeins að sex ára aldri en um það leyti hefja flest börn formlegt lestrarnám.

Ferilbókin er ekki tæmandi fyrir alla þá þætti sem hafa áhrif á mál og læsi.

Vitsmunapróski, bakgrunnsþekking, félagsþroski og samskiptafærni eru dæmi um þætti sem tengjast og hafa áhrif á málþroskann en ekki er fjallað um í ferilbókinni. Þegar ferilskrá sem þessi er gerð verður einhvers staðar að draga línuna en hvort hún var dregin á viðeigandi stað getur verið álitamál. Hins vegar þarf einhvers staðar að byrja og getur verið gott að hafa ekki of marga þætti undir þegar ný verkfæri á borð við ferilbókina eru innleidd.

Lita-, tölustafa- og bókstafakerfi

Hvert atriði eða áfangi í ferilbókinni er merkt með lit, bókstaf og tölustaf. Til að mynda eru öll atriði sem tengjast bernskulæsi merkt með gulum lit, bókstafnum A og tölustaf á bilinu 1–49. Tölustafakerfið virkar eins fyrir aðra þætti ferilbókarinnar, þ.e. málþroska, lestur og ritun, leshömlun og tvítýngi, en telur mismunandi hátt eftir því hversu mörg atriði falla undir hvern þátt. Tafla eitt hér að neðan sýnir fyrir hvaða þætti bókstafa- og litakerfi ferilbókarinnar stendur og hversu mörg atriði falla undir hvern þátt.

Tafla 1 Bókstafa-, lita- og tölustafakerfi

Bókstafur	Þáttur	Tölustafir
A	Bernskulæsi	1–49
B	Málþroski	1–65
C	Lestur og ritun	1–50
D	Leshömlun	1–2
E	Tvítýngi	1–6

Bókstafa- og tölustafakerfið er hugsað til að auðvelda kennurum að leita skýringa á einstaka atriðum ferilbókarinnar. Skýringar með ferilbókinni eru aftast og beinast þær fyrst og fremst að því að skilgreina hugtök og útskýra þau atriði ferilbókarinnar sem höfundur telur hugsanlegt að þarfnist nánari útskýringa. Þessi atriði eru stjörnumerkt (*) í ferilbókinni. Litakerfið er hugsað til að auðvelda kennurum og foreldrum að hafa yfirsýn yfir hvern þátt læsis þannig er hægt er að fylgjast með hvort eitthvað vantar upp á einn þátt frekar en annan.

Viðmiðunartímabil

Skráningarforminu er skipt upp í nokkurs konar viðmiðunartímabil. Fremst er viðmiðunartímabil fyrir börn á aldrinum eins til tveggja ára, næst kemur tveggja til þriggja ára og svo framvegis. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir nákvæmari aldur í viðmiðunartímabilum.

Tafla 2 Yfirlit yfir aldursbil í aldursviðmiðum

Aldur í árum	Aldur í mánaðum
1–2 ára	12–24 mánaða
2–3 ára	24–36 mánaða
3–4 ára	36–48 mánaða
4–5 ára	48–60 mánaða
6–7 ára	60–72 mánaða
7–8 ára	72–84 mánaða
8–9 ára	84–96 mánaða
9–10 ára	96–108 mánaða

Á hverju viðmiðunartímabili eru opnar eða auðar línur sem ætlaðar eru til að skrá annað sem ekki kemur fram í upptalningu og kennarar telja nauðsynlegt að komi fram í ferilbók barnsins. Þá eru auðar línur á eftir hverri töflu þar sem skrá má athugasemdir sem viðkoma skráningu í hverja töflu fyrir sig.

Mikilvægt er að hafa í huga að þó svo að þeir áfangar sem varða leið til læsis séu settir upp í viðmiðunartöflur eða aldursviðmið þá geta börn verið flöktandi á milli viðmiða. Sem dæmi gæti tveggja ára barn verið búíð að ná flestum áföngum í aldursviðmiði 1–2 ára á sama tíma og það hefur náð nokkrum áföngum í aldursviðmiði 2–3 ára og jafnvel einum til tveimur í aldursviðmiði 3–4 ára. Það er því mikilvægt að kennarar skoði ferilbókina sem heild og varist að einblína á eina töflu á hverju aldursári barnsins. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á mikinn einstaklingsmun í mál- og lestrarfærni. Sum börn eru mun fyrr til að ná þeim áföngum sem tilgreindir eru í ferilbókinni en viðmiðunaraldurinn segir til um á meðan önnur eru seinni til (Freyja Birgisdóttir, 2010, bls. 4–7; Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2012, bls. 15–16; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004, bls. 24–26).

Þegar upplýsinga er aflað

Það er hægt að fara margar leiðir til að afla upplýsinga um mál og læsi barna, það má til dæmis safna verkefnum þeirra, taka upp myndbönd, fylgjast með þeim í leik, ræða við þau eða skoða niðurstöður skimana og athugana af ýmsu tagi. Ef ætlunin er að afla upplýsinga með munnlegum spurningum um afmarkað efni eða áfanga í ferilbókinni er mikilvægt að spyrja opinna spurninga og varast að spyrja leiðandi spurninga. Svörin eiga að koma frá barninu sjálfu án aðstoðar. Ef barnið hins vegar getur ekki svarað spurningunni er um að gera að grípa tækifærið og fræða það um það sem spurt var um. Síðan skal athugunin framkvæmd aftur síðar.

Leiðbeiningar um skráningu í ferilbókina

Skrá skal aldur barns þegar ákveðnum atriðum eða áföngum í ferilbókinni er náð. Aldur barns skal skrá í árum og mánuðum. Þannig skal aldur barns sem er þriggja ára og tveggja mánaða skrá sem 3,2 og aldur barns sem er fjögurra ára og ellefu mánaða skrá sem 4,11.

Undantekningar frá skráningu á aldri barns eru þegar niðurstöður úr skimunum og prófum eru skráðar. Þar sem það er mismunandi milli skóla hvaða skimanir og próf eru notuð eru sett fram skráningarform í ferilbókinni fyrir eftirfarandi athuganir og er ætlast til að fyllt sé út í það skráningarform sem við á hverju sinni: HLJÓM-2, EFI-2, TRAS, Læsi, Lesmál, Leið til Læsis, Orðarún og Samræmt próf í íslensku. Sérstök skráningarform eru ætluð til að skrá niðurstöður úr hverju og einu framangreindu prófi. Við hvert skráningarform eru skýringar á hvernig skal skrá í það.

Íhlutun

Ferilbókin kemur hvorki í stað sérfræðipjónustu né greininga að neinu tagi. Hún er hins vegar skráningatæki sem hjálpar til við að festa hendur á þróun máls og læsis hjá börnum og gefur vísbendingar um hvar skóinn kreppir. Ef skráning í ferilbók barns gefur vísbendingar um erfiðleika af einhverju tagi er það kennara og annarra fagaðila sem vinna með börnum að meta og taka ákvörðun um hvort greina þurfi vandann frekar, hvort kenna skuli markvisst þá þætti sem upp á vantar eða hvort leggja beri áherslu á örvun og þá með hvaða hætti það skuli gert. Það er því mikilvægt að regluleg samræða eigi sér stað um stöðu barna samkvæmt þeim skráningum sem gerðar eru í ferilbókina svo grípa megi sem fyrst til viðeigandi aðgerða. Snemmtæk íhlutun hefur verið skilgreind sem stuðningur og þjónusta sem fagaðilar veita ungum börnum og foreldrum þeirra (Bruder, 2010, bls. 339; Dunst, 2000, bls.99). Börn eru sérstaklega móttækileg fyrir snemmtækri íhlutun frá fæðingu til sex ára aldurs (Tryggvi Sigurðsson, 2008, bls. 24; Tryggvi Sigurðsson, 2006, bls. 5–7). Það er því mikilvægt að fylgjast vel með þróun máls og læsis á þessum aldri svo grípa megi til íhlutunar sem allra fyrst.

Yfirlit yfir skólaferil barnsins

Barnið hefur verið í eftirfarandi skólum á eftirfarandi tímabilum:

Skóli	Skólaár	Nafn/nöfn þess sem skrá í ferilbókina á skólaárinu.

DRÖG

Vörður á leið til læsis

Nauðsynlegt er að fá svör við spurningum um leshömlun og tvítýngi. Kennurum ber að spyrja foreldra eftirfarandi spurninga og skrá svör þeirra.

Leshömlun*

D-1 * Er saga um leshömlun í fjölskyldunni? _____ Já _____ Nei

D-2 * Telja foreldrar sig eða aðra ættingja bera einkenni leshömlunar án þess að hafa fengið greiningu? _____ Já _____ Nei

Annað: _____

Tvítýngi*

E-1 * Er barnið tvítýngt? _____ Já _____ Nei

E-2 Hvert er/hver eru móðurmál barnsins? _____

E-3 Hvert er annað/þriðja mál barnsins? _____

E-4 Hvert er móðurmál móður? _____

E-5 Hvert er móðurmál föður? _____

E-6 * eru til upplýsingar um málþroska barnsins á móðurmálinu/móðurmálunum?

_____ Já _____ Nei

Annað: _____

Viðmiðunaráldur 1–2 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
A-1 * Barnið getur haldið á skriffæri.	1–2 ára	
A-2 * Barnið gerir einstaka strik/krot á blað.	1–2 ára	
B-1 * Barnið ber alla sérhljóða rétt fram.	1–2 ára	
B-2 * Barnið notar um það bil 50 orð.	1–2 ára	
B-3 Meirihluti orða sem barnið notar eru nafnorð.	1–2 ára	
B-4 * Barnið notar nokkrar sagnir.	1–2 ára	
B-5 Barnið notar eins og tveggja orða setningar til að tjá sig.	1–2 ára	
B-6 * Barnið bregst við einföldum fyrirætlum með því að ná í hluti sem þekkir.	1–2 ára	
B-7 Barnið segir nafnið sitt.		
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Viðmiðunaráldur 2–3 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
A-3 Barnið veit að bækur eru ætlaðar til lestrar.	2–3 ára	
A-4 Barnið á sér uppáhaldssögur og bækur.	2–3 ára	
A-5 * Barnið hefur gaman af að lesið sé fyrir það.	2–3 ára	
A-6 * Barnið beinir sjónum sínum að myndum í bókum og segir hvað er á myndunum.	2–3 ára	
A-7 Barnið heldur rétt á bók.	2–3 ára	
A-8 Barnið flettir bók rétt.	2–3 ára	
A-9 * Barnið krotar tilviljanakennt og merkingarlaust.	2–3 ára	
A-10 Barnið skoðar krot eftir sig sjálft.	2–3 ára	
B-8 Barnið myndar tveggja til þriggja orða setningar.	2–3 ára	
B-9 Barnið notar forsetningarnar <i>í</i> og <i>á</i> .	2–3 ára	
B-10 * Barnið er farið að nota fleirtölumyndir orða.	2–3 ára	
B-11 * Barnið notar 1.p.fn. <i>ég</i> um sjálft sig.	2–3 ára	
B-12 Barnið ber hljóðið <i>m</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-13 Barnið ber hljóðið <i>n</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-14 Barnið ber hljóðið <i>p</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-15 Barnið ber hljóðið <i>b</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-16 Barnið ber hljóðið <i>d</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-17 Barnið ber hljóðið <i>v</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-18 Barnið ber tvíhljóðin <i>au</i> , <i>ei</i> og <i>æ</i> rétt fram.	2–3 ára	
B-19 * Barnið spyr spurninga í spurnartón.	2–3 ára	
B-20 * Barnið tekur þátt í stuttum samræðum með stuðningi.	2–3 ára	

Framhald

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
B-21 Barnið getur kynnt sig með fullu nafni.	2–3 ára	
B-22 * Barnið skilur fyrirmæli sem krefjast skilnings á forsetningum.	2–3 ára	
B-23 Barnið notar orðin <i>mikið</i> og <i>lítið</i> til að greina frá magni.	2–3 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Skráning TRAS

B-64 Niðurstöður úr TRAS skráningunni skal skrá í töfluna hér að neðan. Töflunni er skipt í þrjú aldursbil og eru þrjár spurningar um hvern hluta; málskilning, málvitund, framburð, orðaforða, setningamyndun, samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting samanber TRAS skráningarkerfið. Niðurstöðurnar skal skrá í töfluna með trélitum á sama hátt og skráð er í niðurstöduhefti TRAS:

Ef færnin er ekki til staðar við skráningu er ekkert merkt en strikað kringum flötinn.

Ef færnin hefur náðst að hluta til er flöturinn skástrikaður.

Ef færnin hefur náðst er fyllt í flötinn.

	2 – 3 ára				3 – 4 ára				4 – 5 ára		
	Spurning 1	Spurning 2	Spurning 3		Spurning 1	Spurning 2	Spurning 3		Spurning 1	Spurning 2	Spurning 3
Málskilningur (rautt)											
Málvitund (rautt)											
Framburður (grænt)											
Orðaforði (grænt)											
Setningamyndun (grænt)											
Samleikur / Félagsfærni (blátt)											
Tjáskipti / Samskipti (blátt)											
Athygli / Einbeiting (blátt)											

Yfirlit yfir athuganir:

Dagsetning	Aldur barns	Nafn þess sem gerði viðkomandi athugun

Viðmiðunaráldur 3–4 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
A–11 Barnið þekkir hugtökin efst og neðst á blaðsíðu.	3–4 ára	
A–12 Barnið þekkir muninn á myndum og lettri.	3–4 ára	
A–13 * Barnið sýnir rituðu máli í umhverfi sínu áhuga.	3–4 ára	
A–14 Barnið þykist lesa.	3–4 ára	
A–15 * Barnið þekkir bók-stafi í nafninu/gælunafninu sínu.	3–4 ára	
A–16 * Barnið þekkir hljóð í nafninu/gælunafninu sínu.	3–4 ára	
A–17 Barnið kann nokkrar þulur og söngva.	3–4 ára	
A–18 * Barnið teiknar hringi, línur og bylgjur til að líkja eftir ritmáli.	3–4 ára	
A–19 * Barnið greinir á milli mismunandi tákna sem það skrifar.	3–4 ára	
B–24 Barnið notar persónufornöfnin <i>við</i> og <i>þau</i> .	3–4 ára	
B–25 Barnið notar fjögurra til fimm orða setningar.	3–4 ára	
B–26 Barnið notar forsetningarnar <i>undir</i> , <i>ofan á</i> og <i>bak við</i> .	3–4 ára	
B–27 * Barnið notar persónufornöfnin <i>hann</i> , <i>hún</i> og <i>það</i> yfirlétt rétt.	3–4 ára	
B–28 Barnið skilur talnahugtökin <i>einn</i> , <i>tveir</i> og <i>þrjú</i> .	3–4 ára	
B–29 Barnið kann litina; <i>gulur</i> , <i>rauður</i> , <i>grænn</i> og <i>blár</i> .	3–4 ára	
B–30 * Barnið notar lýsingarorð.	3–4 ára	
B–31 Barnið ber hljóðið <i>j</i> rétt fram.	3–4 ára	
B–32 Barnið ber hljóðið <i>l</i> rétt fram.	3–4 ára	
B–33 Barnið ber hljóðið <i>h</i> rétt fram.	3–4 ára	
B–34 Barnið ber hljóðið <i>t</i> rétt fram.	3–4 ára	
B–35 Barnið ber hljóðið <i>f</i> rétt fram.	3–4 ára	

Framhald

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
B-36 * Barnið notar þátíð.	3-4 ára	
B-37 * Barnið notar samsettar setningar með orðinu <i>og</i> .	3-4 ára	
B-38 Barnið segir nöfn foreldra sinna og systkina.	3-4 ára	
B-39 Barnið biður um útskýringar í samræðum.	3-4 ára	
B-40 * Barnið skilur skyldleikahugtök eins og amma, frændi, systir.	3-4 ára	
B-41 * Barnið bregst við flóknum fyrirmælum.	3-4 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Skráning EFI-2

B-65 Þeir sem nota EFI-2 málþroskaskimunina skrá niðurstöður hennar í töflurnar hér að neðan. Um er að ræða tvær töflur, sú fyrri er ætluð til að skrá niðurstöður barna sem eru yngri en þriggja og hálfis árs. Sú seinni er til að skrá niðurstöður barna sem eru eldri en þriggja og hálfis árs. Í fremsta dálkinum má sjá hvaða þætti málþroskans verið er að skoða; skilning og tjáningu. Í öðrum dálki eru viðmið um árangur eins og þau eru birt í málþroskaskimuninni. Í þriðja dálkinn skal skrá stigafjölda barnsins í hvorum þætti fyrir sig og í aftasta dálkinn má skrá athugasemdir ef einhverjar eru. Gott er að yfirstrika það viðmiðunarbíl sem börnin ná, annars vegar í skilningi og hins vegar í tjáningu.

Börn yngri en 3 ½ á

Dagsetning fyriragnar: _____ Aldur barns: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

	Viðmið um stigafjölda	Stigafjöldi	Athugasemdir
Skilningur	0–8 stig: mjög slök geta 8–10 stig: slök geta 10–16 stig: meðalgeta 16–21 stig: góð geta		
Tjáning	0–19 stig: mjög slök geta 19–22 stig: slök geta 22–29 stig: meðalgeta 29–35 stig: góð geta		

Börn eldri en 3 ½ árs

Dagsetning fyriragnar: _____ Aldur barns: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

	Viðmið um stigafjölda	Stigafjöldi	Athugasemdir
Skilningur	0–10 stig: mjög slök geta 10–13 stig: slök geta 13–18 stig: meðalgeta 18–21 stig: góð geta		
Tjáning	0–22 stig: mjög slök geta 22–25 stig: slök geta 25–30 stig: meðalgeta 30–35 stig: góð geta		

Viðmiðunaráldur 4–5 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
A–20 Barnið veit hvað forsíða og baksíða bókar er.	4–5 ára	
A–21 Barnið veit að myndir í bókum tengjast innihaldi textans.	4–5 ára	
A–22 Barnið veit hvar á blaðsíðu á að byrja að lesa.	4–5 ára	
A–23 Barnið veit hvað höfundur er.	4–5 ára	
A–24 * Barnið þekkir nafnið sitt þegar það sér það skrifað.	4–5 ára	
A–25 * Barnið þekkir bókstafi í nöfnum foreldra sinna og systkina.	4–5 ára	
A–26 * Barnið þekkir hljóð í nöfnum foreldra sinna og systkina.	4–5 ára	
A–27 Barnið veit fyrir hvað hugtakið bókstafur stendur.	4–5 ára	
A–28 Barnið veit að prentað letur hefur merkingu og tilgang.	4–5 ára	
A–29 * Barnið notar myndir í bókum til að segja sögu. Hlustandinn þarf að sjá myndirnar til að geta fylgt og skilið söguna.	4–5 ára	
A–30 * Barnið þekkir lestraráttina.	4–5 ára	
A–31 * Barnið greinir á milli þess að teikna og skrifa.	4–5 ára	
A–32 * Barnið segir hvað tákni/ritun í umhverfinu merkir.	4–5 ára	
B–42 Barnið ber hljóðið <i>s</i> rétt fram.	4–5 ára	
B–43 Barnið ber hljóðið <i>g</i> rétt fram.	4–5 ára	
B–44 Barnið ber hljóðið <i>k</i> rétt fram.	4–5 ára	
B–45 Barnið notar fimm til átta orða setningar.	4–5 ára	
B–46 * Barnið notar afturbeygða fornafnið <i>sig</i> .	4–5 ára	
B–47 Barnið notar atkviksorð sem lýsa staðsetningu, t.d. <i>hér, þar, uppi, niðri</i> .	4–5 ára	
B–48 Barnið getur sagt frá atburðum sem það hefur upplifað.	4–5 ára	
B–49 * Barnið spyr óbeinna spurninga.	4–5 ára	

Framhald

B-50 Barnið kann litina; <i>appelsínugulur, bleikur, fjólublár, brúnn, svartur og hvítur.</i>	4-5 ára	
B-51 Barnið skilur talnahugtökin frá fjórum til tíu.	4-5 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:



Skráning HLJÓM-2

A-49 * Þeir sem leggja HLJÓM-2 fyrir fimm ára börn skrá niðurstöður prófsins í einhverja af eftirfarandi töflu en val á töflu sem nota skal fer eftir aldri barnsins samkvæmt þeim aldursútreikningum sem sagt er frá í handbókinni sem fylgir prófinu. Síðasta taflan er notuð ef endurtaka þarf prófið með barni sem hefur náð aldri fjögur við fyrri fyrirlögn. Athugið að í síðustu töfluna þarf að skrá aldur barnsins þegar prófið er tekið.

Í fremsta dálkinum í hverri töflu eru prófhlutarnir, í næsta dálki eru viðmið um árangur eins og þau birtast í handbókinni sem fylgir prófinu. Í þriðja dálkinn skal skrá stigafjölda barnsins og í aftasta dálk má skrá athugasemdir ef einhverjar eru. Skrá skal heildarstigafjölda í litaða reitinn. Gott er að yfirstrika þau viðmið um árangur sem börnin ná.

Aldur 1 (4,9,16–5,1,15)

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Prófluti	Viðmið um árangur	Stiga-fjöldi	Athugasemdir
Rím	0–2 stig: mjög slök færni 3–5 stig: slök færni 6–10 stig: meðalfærni 11–12 stig: góð færni		
Samstöfur	0–3 stig: mjög slök færni 4–5 stig: slök færni 6–8 stig: meðalfærni		
Samsett orð	0 stig: mjög slök færni 1–2 stig: slök færni 3–7 stig: meðalfærni 8–10 stig: góð færni		
Hljóðgreining	0–3 stig: meðalfærni 6–15 stig: góð færni		
Margræð orð	0–3 stig: mjög slök færni 4 stig: slök færni 5–7 stig: meðalfærni 8 stig: góð færni		
Orðhlutaeyðing	0 stig: mjög slök færni 1–2 stig: slök færni 3–7 stig: meðalfærni 8–10 stig: góð færni		
Hljóðtenging	0 stig: mjög slök færni 1 stig: slök færni 2–4 stig: meðalfærni 5–8 stig: góð færni		
Heildarstigafjöldi	0–20 stig: mjög slök færni 21–26 stig: slök færni 27–44 stig: meðalfærni 45–71 stig: góð færni		

Aldur 2 (5,1,16–5,5,15)

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Prófluti	Viðmið um árangur	Stiga- fjöldi	Athugasemdir
Rím	0–4 stig: mjög slök færni 5–6 stig: slök færni 7–11 stig: meðalfærni 12 stig: góð færni		
Samstöfur	0–4 stig: mjög slök færni 5 stig: slök færni 6–8 stig: meðalfærni		
Samsett orð	0–1 stig: mjög slök færni 2–4 stig: slök færni 5–8 stig: meðalfærni 9–10 stig: góð færni		
Hljóðgreining	0–6 stig: meðalfærni 9–15 stig: góð færni		
Margræð orð	0–3 stig: mjög slök færni 4–5 stig: slök færni 6–7 stig: meðalfærni 8 stig: góð færni		
Orðhlutaeyðing	0–1 stig: mjög slök færni 2–3 stig: slök færni 4–8 stig: meðalfærni 9–10 stig: góð færni		
Hljóðtenging	0 stig: mjög slök færni 1 stig: slök færni 2–5 stig: meðalfærni 6–8 stig: góð færni		
Heildarstigafjöldi	0–25 stig: mjög slök færni 26–31 stig: slök færni 32–52 stig: meðalfærni 53–71 stig: góð færni		

Aldur 3 (5,5,16–5,9,15)

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Prófluti	Viðmið um árangur	Stiga- fjöldi	Athugasemdir
Rím	0–5 stig: mjög slök færni 6–8 stig: slök færni 9–12 stig: meðalfærni		
Samstöfur	0–4 stig: mjög slök færni 5–6 stig: slök færni 7–8 stig: meðalfærni		
Samsett orð	0–2 stig: mjög slök færni 3–5 stig: slök færni 6–9 stig: meðalfærni 10 stig: góð færni		
Hljóðgreining	0–9 stig: meðalfærni 12 stig: góð færni		
Margræð orð	0–4 stig: mjög slök færni 5 stig: slök færni 6–8 stig: meðalfærni		
Orðhlutaeyðing	0–1 stig: mjög slök færni 2–4 stig: slök færni 5–9 stig: meðalfærni 10 stig: góð færni		
Hljóðtenging	0–1 stig: mjög slök færni 2 stig: slök færni 3–6 stig: meðalfærni 7–8 stig: góð færni		
Heildarstigafjöldi	0–31 stig: mjög slök færni 32–37 stig: slök færni 38–57 stig: meðalfærni 58–71 stig: góð færni		

Aldur 4 (5,9,16–6,1,15)

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Prófluti	Viðmið um árangur	Stiga- fjöldi	Athugasemdir
Rím	0–6 stig: mjög slök færni 7–9 stig: slök færni 10–12 stig: meðalfærni		
Samstöfur	0–5 stig: mjög slök færni 6–7 stig: slök færni 8 stig: meðalfærni		
Samsett orð	0–3 stig: mjög slök færni 4–6 stig: slök færni 7–9 stig: meðalfærni 10 stig: góð færni		
Hljóðgreining	0 stig: slök færni 3 – 12 stig: meðalfærni 15 stig: góð færni		
Margræð orð	0–4 stig: mjög slök færni 5–6 stig: slök færni 7–8 stig: meðalfærni		
Orðhlutaeyðing	0–1 stig: mjög slök færni 2–4 stig: slök færni 5–9 stig: meðalfærni 10 stig: góð færni		
Hljóðtenging	0–1 stig: mjög slök færni 2 stig: slök færni 3–7 stig: meðalfærni 8 stig: góð færni		
Heildarstigafjöldi	0–32 stig: mjög slök færni 33–41 stig: slök færni 42–62 stig: meðalfærni 63–71 stig: góð færni		

Aldur: _____

Dagsetning fyriragnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Prófluti	Viðmið um árangur	Stiga- fjöldi	Athugasemdir
Rím	0–6 stig: mjög slök færni 7–9 stig: slök færni 10–12 stig: meðalfærni		
Samstöfur	0–5 stig: mjög slök færni 6–7 stig: slök færni 8 stig: meðalfærni		
Samsett orð	0–3 stig: mjög slök færni 4–6 stig: slök færni 7–9 stig: meðalfærni 10 stig: góð færni		
Hljóðgreining	0 stig: slök færni 3 – 12 stig: meðalfærni 15 stig: góð færni		
Margræð orð	0–4 stig: mjög slök færni 5–6 stig: slök færni 7–8 stig: meðalfærni		
Orðhlutaeyðing	0–1 stig: mjög slök færni 2–4 stig: slök færni 5–9 stig: meðalfærni 10 stig: góð færni		
Hljóðtenging	0–1 stig: mjög slök færni 2 stig: slök færni 3–7 stig: meðalfærni 8 stig: góð færni		
Heildarstigafjöldi	0–32 stig: mjög slök færni 33–41 stig: slök færni 42–62 stig: meðalfærni 63–71 stig: góð færni		

Viðmiðunardur 5–6 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
A-33 * Barnið veit hvað titill bókar er.	5–6 ára	
A-34 * Barnið veit hvað titilsíða bókar er.	5–6 ára	
A-35 Barnið veit hvað teiknari eða myndskreytari er. Finna þjálfa orð!! Eða: barnið veit að höfundur texta og mynda er ekki alltaf einn og sami aðilinn...	5–6 ára	
A-36 Barnið veit hvað þýðandi er.	5–6 ára	
A-37 Barnið veit hvar fyrsta orð á blaðsíðu er.	5–6 ára	
A-38 Barnið veit hvar síðasta orð á blaðsíðu er.	5–6 ára	
A-39 * Barnið endurþekkir orð sem lesin eru fyrir það.	5–6 ára	
A-40 * Barnið veit að þegar texti er lesinn þá er byrjað efst á síðu og lesið niður.	5–6 ára	
A-41 Barnið veit að þegar ein lína hefur verið lesin á að halda áfram frá vinstri í næstu línu fyrir neðan.	5–6 ára	
A-42 * Barnið segir sögu með því að skoða myndirnar, raddblær gefur til kynna að barnið er að lesa.	5–6 ára	
A-43 * Barnið skrifar einstaka stafi.	5–6 ára	
A-44 * Barnið skrifar einstaka orð	5–6 ára	
A-45 * Barnið þekkir skrifaráttina.	5–6 ára	
A-46 Barnið getur sagt frá eigin texta án þess að kunna að lesa.	5–6 ára	
A-47 * Barnið kann að skrifa nafnið sitt.	5–6 ára	
A-48 * Barnið notar bókstafi sem það þekkir ásamt eigin táknkerfi þegar það skrifar.	5–6 ára	
B-52 * Barnið notar flóknari setningar.	5–6 ára	
B-53 Barnið ber hljóðið <i>þ</i> rétt fram.	5–6 ára	
B-54 Barnið ber hljóðið <i>ð</i> rétt fram.	5–6 ára	
B-55 Barnið ber hljóðið <i>r</i> rétt fram.	5–6 ára	
B-56 * Barnið getur sagt sögu sem röð atburða.	5–6 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

DRÖG

Viðmiðunaráldur 6–7 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
B-57 Framburður barnsins er réttur.	6–7 ára	
B-58 * Barnið getur endursagt sögu af bók og beinir sjónum sínum meira að letrinu heldur en myndunum.	6–7 ára	
C-1 Barnið þekkir punkt í lok málsgreinar og veit til hvers hann er notaður í texta.	6–7 ára	
C-2 Barnið þekkir spurningarmerki og veit til hvers það er notað í texta.	6–7 ára	
C-3 Barnið þekkir upphrópunarmerki og veit til hvers það er notað í texta.	6–7 ára	
C-4 Barnið getur skrifað marga stafi orða en sleppir helst sérhljóða á eftir samhljóða.	6–7 ára	
C-5 * Barnið þekkir helming bókstafa og hljóða íslenska stafrófsins.	6–7 ára	
C-6 * Barnið þekkir alla bókstafi og hljóð íslenska stafrófsins.	6–7 ára	
C-7 * Barnið þekkir hugtakið hástafur.	6–7 ára	
C-8 * Barnið þekkir hugtakið lágstafur.	6–7 ára	
C-9 Barnið getur skrifað einfalda setningu, en þarf aðstoð.	6–7 ára	
C-10 * Barnið kann að umskrá þegar það les.	6–7 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Viðmiðunaráldur 7–8 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
B-59 Barnið hefur aukið notkun samtenginga. Dæmi um samteningar: <i>af því að, svo, ef, en, eða, fyrir, eftir og þá.</i>	7–8 ára	
B-60 * Barnið notar þolmynd.	7–8 ára	
B-51 Barnið útskýrir hugtök með fleirum en einu orði.	7–8 ára	
B-52 * Barnið getur sagt sögu með söguþræði; upphafi, endi, vandamáli og lausn.	7–8 ára	
C-11 Barnið þekkir gæsalappir og veit til hvers þær er notaðar í texta.	7–8 ára	
C-12 Barnið skrifar alla bókstafina í orðunum.	7–8 ára	
C-13 Barnið hefur bil á milli orða.	7–8 ára	
C-14 * Barnið notar punkt í lok málsgreinar.	7–8 ára	
C-15 Barnið skrifar eigin texta en þarf stundum aðstoð.	7–8 ára	
C-16 * Barnið beitir að mestu hljóðritun.	7–8 ára	
C-17 * Barnið notar sjónminnið við ritun algengra orða.	7–8 ára	
C-18 * Barnið getur skrifað lista.	7–8 ára	
C-19 Barnið notar stóran staf í upphafi málsgreina.	7–8 ára	
C-20 Ritverk barnsins hafa upphaf, miðju og endi.	7–8 ára	
C-21 Barnið notar tímaröð þegar það skrifar um reynslu sína.	7–8 ára	
C-22 Barnið notar umskráningu til að lesa óþekkt orð.	7–8 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Viðmiðunaráldur 8–9 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
B-63 Barnið getur haldið samræðum gangandi.	8–9 ára	
C-23 Barnið getur lesið sér til gagns.	8–9 ára	
C-24 Barnið notar alla þætti sögubýggingar þegar það ritar sögu; söguþráð, persónusköpun og sögusvið.	8–9 ára	
C-25 Hljóðfall lestrar: barnið staldrar við greinarmerki.	8–9 ára	
C-26 Hljóðfall lestrar: hrynjandinn í máli barnsins fylgir greinarmerkjum.	8–9 ára	
C-27 Hljóðfall lestrar: barnið leggur áherslur á viðeigandi orð í textanum.	8–9 ára	
C-28 Barnið virðist ráða í samhengi textans þegar það les áður óþekkt orð.	8–9 ára	
C-29 Barnið þekkir kommu og veit til hvers hún er notuð í texta.	8–9 ára	
C-30 Barnið stafsetur algeng orð rétt.	8–9 ára	
C-31 Barnið sýnir vilja til að skrifa texta sem hefur atburðarás.	8–9 ára	
C-32 Barnið sýnir einbeitingu og áhuga þegar það skrifar.	8–9 ára	
C-33 Barnið gerir uppkast, fær aðstoð og hreinskrifar.	8–9 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Viðmiðunaráldur 9–10 ára

Einkenni	Viðmið	Dagsetning og aldur barns
C-34 Hljóðfall lestrar: rödd rís og fellur á viðeigandi stöðum í textanum.	9–10 ára	
C-35 Hljóðfall lestrar: barnið notar mismunandi blæbrigði í röddinni þegar samtal á sér stað í texta eða þegar það tjáir tilfinningar.	9–10 ára	
C-36 Barnið notar hástaf fremst í sérnöfnum.	9–10 ára	
C-37 Barnið kann ng- og nk regluna.	9–10 ára	
C-38 Barnið notar ekki <i>þ</i> aftast í orði.	9–10 ára	
C-39 Barnið notar ekki <i>ð</i> fremst í orði.	9–10 ára	
C-40 * Barnið notar greini við nafnorð rétt.	9–10 ára	
C-41 * Barnið getur skráð tilraunir.	9–10 ára	
C-42 Barnið getur skrifað einfalda samantekt um lesið efni.	9–10 ára	
C-43 * Barnið gerir athugasemdir við stafsetningu í eigin texta.	9–10 ára	
C-44 * Barnið notar greinarmerki rétt, t.d. spurningarmerki, punkt, kommu og upphrópunarmerki.	9–10 ára	
Annað:		
Annað:		

Athugasemdir:

Skráning lesskimunarprófa

Í skráningarformin sem fylgja hér á eftir skal skrá niðurstöður þeirra lesskimana sem notaðar eru í viðkomandi grunnskóla. Hér á eftir eru skráningarform fyrir eftirfarandi lesskimunarpróf: *Læsi*, *Lesmál* og *Leið til læsis*.

C-45 Læsi: Í fremsta dálkinum er skrá yfir þá þætti sem prófinu er ætlað að meta. Í næsta dálki eru viðmið um lágstu mörk. Niðurstöður úr hverjum þætti prófsins skal skrá í þriðja til fimmta dálk; skrá skal fjölda réttra svara í þriðja dálkinn, fjölda rangra svara í fjórða dálkinn og í aftasta dálkinn skal skrá fjölda spurninga sem nemandinn náði ekki að svara, til dæmis vegna tímaskorts. Hægt er að skrá athugasemdir ef einhverjar eru á línurnar fyrir neðan hverja töflu.

Læsi 1. bekkur 1. hefti

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Læsi 1. bekkur 1. hefti	Viðmið	Rétt svör	Röng svör	Ekki svarað
Hugtakaskilningur (9).	Lægstu mörk: 5			
Lengd orða (7).	Lægstu mörk: 4			
Orðafjöldi í setningum (5).	Lægstu mörk: 2			
Atkvæðafjöldi í orðum (11).	Lægstu mörk: 5			
Fjöldi hljóða í orðum (11).	Lægstu mörk: 5			
Prófatriði alls (43)	Lægstu mörk: 21			

Læsi 1. bekkur 2. hefti

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Læsi 1. bekkur 2. hefti	Viðmið	Rétt svör	Röng svör	Ekki svarað
Tengja hástafi og lágstafi (14).	Lægstu mörk: 8			
Tengja hljóð og tákni (10).	Lægstu mörk: 7			
Greina fyrsta hljóð orðs og skrifa stafinn (12).	Lægstu mörk: 9			
Tengja út frá hljóðstöfun (12).	Lægstu mörk: 9			
Lesi einföld orð, velja mynd (20).	Lægstu mörk: 11			
Skoða mynd og velja rétt orð (20).	Lægstu mörk: 8			
Prófatriði alls (88)	Lægstu mörk: 52			

Læsi 1. bekkur 3. hefti

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Læsi 1. bekkur 3. hefti	Viðmið	Rétt svör	Röng svör	Ekki svarað
Lesi setningar, velja mynd (13).	Lægstu mörk: 7			
Lesi texta, álykta (6).	Lægstu mörk: 1			
Lesi fyrirmæli, framkvæma (10).	Lægstu mörk: 4			
Skrifa orð eftir upplestri (6).	Lægstu mörk: 2			
Skrifa orð við myndir (6).	Lægstu mörk: 1			
Prófatriði alls (41)	Lægstu mörk: 15			

Læsi 2. bekkur 1. hefti

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Læsi 2. bekkur 1. hefti	Viðmið	Rétt svör	Röng svör	Ekki svarað
Lesi orð, velja mynd (30)	Lægstu mörk: 15			
Greina orðhluta í samsettum orðum (20).	Lægstu mörk: 10			
Skoða mynd, finna rétt orð (30).	Lægstu mörk: 15			
Prófatriði alls (80)	Lægstu mörk: 40			

Læsi 2. bekkur 2. hefti

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Læsi 2. bekkur 2. hefti	Viðmið	Rétt svör	Röng svör	Ekki svarað
Lesi setningar, velja mynd (23).	Lægstu mörk: 12			
Hlusta og svara (2).	Lægstu mörk: 1			
Velja orð út frá samhengi í texta (6).	Lægstu mörk: 1			
Lesi og svara spurningum (5).	Lægstu mörk: 1			
Lesi fyrirmæli og framkvæma (10).	Lægstu mörk: 6			
Prófatriði alls (46)	Lægstu mörk: 21			

C-46 Lesmál: Í fremsta dálkinum er skrá yfir þá þætti sem prófinu er ætlað að meta. Í næsta dálk eru viðmið um stigafjölda úr hverjum prófhlyta og hvort stigafjöldinn gefi vísbendingar um veikleika. Viðmiðin byggja á leiðbeiningum sem fylgja prófinu. Niðurstöður úr hverjum þætti prófsins skal skrá í þriðja dálkinn, skrá skal fjölda réttra svara. Í aftasta dálkinn skal skrá athugasemdir ef einhverjar eru.

Athugið að í neðstu línuna skal skrá mælitöl prófsins sem er niðurstaða prófsins í heild. Gott er að yfirstrika það viðmiðunarbíl sem börnin ná úr hverjum þætti prófsins.

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

Lesmál 2. bekkur–vor	Viðmið	Niðurstöður	Athugasemdir
Umskráning	0–3: hugsanlegur veikleiki 4–5: ekki veikleiki		
Lesskilningur	0–7: hugsanlegur veikleiki 8–10: skoðist 11–18: ekki veikleiki		
Hraðlestur	0–2: hugsanlegur veikleiki 3: skoðist 4–9: ekki veikleiki		
Réttritun	0–9: hugsanlegur veikleiki 10–12: skoðist 13–22: ekki veikleiki		
Mælitala	1–3: afar slök frammistaða 4–5: mjög slök frammistaða 6–8: slök frammistaða 9–11: meðal-frammistaða 12–18: góð frammistaða		

C-47 Leið til læsis

Skimunarpróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk. Í fremsta dálkinum er skrá yfir hugsmíðina eða þá þætti sem prófinu er ætlað að kanna. Í öðrum dálki eru þættirnir sundurliðaðir og greindir niður í undirpróf, innan sviga er tala sem segir til um fjölda atriða í hverju undirprófi. Í þriðja dálk skal skrá árangur nemandans en skrá skal fjölda réttra svara sem nemandinn gerir á prófinu. Í fjórða dálkinn skal skrá samtölu hvers þáttar fyrir sig; málproska, bókstafi og hljóð og hljóðkerfisvitund. Í fimmta og næst aftasta dálkinn skal skrá flokkun nemenda eins og hún birtist á innskráningarvef Námsmatsstofnunar; áhætta 1, áhætta 2, óvissa og utan áhættu. Í aftasta dálkinn skal skrá athugasemdir ef einhverjar eru.

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

	Undirpróf	Árangur	Samtala	Flokkur	Athugasemdir
Mál- proski	Skilningur á setningum (9).				
	Hugtaka-skilningur (14).				
Bókstafir og hljóð	Stafaþekking (10).				
	Að tengja staf og hljóð við mynd (9).				
Hljóðkerfisvitund	Greina rím (8).				
	Greina hljóð í orðum (6).				
	Hljóðtenging (4).				
	Hljóðeyðing (12).				

Eftirfylgniþróf Leið til læsis prófa lesfimi og sjónrænan orðaforða nemenda og eru lögð reglulega fyrir í þeim tilgangi að fylgjast með hvernig lestrarfærni nemenda þróast. Niðurstöður þeirra skal skrá í töfluna hér fyrir neðan.

Fyrirlögn	Hefti	Leshraði	Raðeinkunn	Umsögn leshraði	Nákvæmni	Raðeinkunn

Skráning lesskilningsprófsins Orðarúnar

C-48 Í fremsta dálkinum er skrá yfir þá þætti sem prófinu er ætlað að meta og segja tölur innan sviga til um hversu margar spurningar eru af hverri tegund. Tegundir spurninga eru sundurliðaðar til að auðvelda kennurum að hafa yfirsýn yfir hvort nemandinn eigi í erfiðleikum með einstaka þætti lesskilnings. Í dálk tvö skal skrá fjölda réttra svara við hverri tegund spurninga. Athugið að í neðstu línuna í öðrum dálki skal skrá fjölda réttra svara á prófinu í heild. Í aftasta dálkinn skal skrá athugasemdir ef einhverjar eru. Athugið að í neðstu línunni í aftasta dálkinum eru viðmið um heildarstigafjölda úr prófinu eins og þau birtast í handbók með prófinu. Gott er að yfirstrika það viðmið sem börnin ná.

3. bekkur, próf 1 – haust

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

3. bekkur, próf 1 – haust	Rétt svör	Athugasemdir
Ályktun (6)		
Staðreynd (9)		
Orðskýring (4)		
Meginmál (1)		
Heildin – allar spurningar (20)		Viðmið: 1–8 stig: mjög slakt 9–12 stig: slakt 13–17 stig: meðal 18–20 stig: gott

3. bekkur, próf 2 – vor

Dagsetning fyrirlagnar: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

3. bekkur, próf 2 – vor	Rétt svör	Athugasemdir
Ályktun (5)		
Staðreynd (9)		
Orðskýring (4)		
Fyrirsögn (1)		
Meginmál (1)		
Heildin – allar spurningar (20)		Viðmið: 1–7 stig: mjög slakt 8–10 stig: slakt 11–16 stig: meðal 17–20 stig: gott

4. bekkur, próf 1 – haust

Dagsetning fyrir: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

4. bekkur, próf 1 – haust	Rétt svör	Athugasemdir
Ályktun (6)		
Staðreynd (7)		
Orðskýring (4)		
Fyrirsögn (1)		
Meginmál (2)		
Heildin – allar spurningar (20)		Viðmið: 1–8 stig: mjög slakt 9–11 stig: slakt 12–16 stig: meðal 17–20 stig: gott

4. bekkur, próf 2 – vor

Dagsetning fyrir: _____

Nafn þess sem lagði prófið fyrir: _____

4. bekkur, próf 2 – vor	Rétt svör	Athugasemdir
Ályktun (5)		
Staðreynd (8)		
Orðskýring (4)		
Fyrirsögn (1)		
Meginmál (2)		
Heildin – allar spurningar (20)		Viðmið: 1–7 stig: mjög slakt 8–11 stig: slakt 12–16 stig: meðal 17–20 stig: gott

Skráning á samræmdu prófi

C-49 Samræmt próf í íslensku: Skrá skal niðurstöður úr samræmdu prófi í íslensku samkvæmt þeim upplýsingum sem Námsmatsstofnun sendir til grunnskólanna eftir að niðurstöður liggja fyrir. Ekki eru viðmið um árangur í samræmdu prófi. Skrá skal einkunnir nemenda inn í töfluna hér að neðan. Í fremsta dálkinum gefur að líta þá þætti sem prófaðir eru. Í næsta dálk skal skrá raðeinkunn nemandans úr hverjum þætti fyrir sig og í þriðja dálkinum skal skrá samræmdu einkunnina. Aftasti dálkurinn er ætlaður fyrir athugasemdir ef einhverjar eru. Athugasemdir má einnig skrá á línurnar fyrir neðan töfluna.

Prófabættir	Raðeinkunn	Samræmd einkunn	Athugasemdir
Lestur			
Málnotkun			
Rítun			
Stafsetning			
Heildareinkunn			

Skráning hraðaprófa í lestri

C-50 Niðurstöður hraðaprófa. Gott er að nota hraðapróf til að meta hraða í orðakennslum sem er hluti af lesfimi. Til að meta umskráningarferni nemenda er gott að láta þá lesa stök orð og orðleysur. Hér á eftir fara tvö konar skráningarform fyrir niðurstöður úr hraðaprófum, annars vegar skal skrá atkvæðafjölda í lesnum texta og hins vegar fjölda rétt lesinna orða og orðleysa.

Textapróf. Eftirfarandi skráningarform er hægt að nota fyrir hraðapróf þar sem merkingarbær texti er lesinn. Í fremsta dálkinn skal skrá dagsetningu, í annan dálk nafn þess kennara sem lagði prófið fyrir og þann þriðja skal skrá heiti textans sem lesinn var á prófinu. Þar sem ekki eru til stöðluð hraðapróf hér á landi sem allir grunnskólar nota getur verið gagnlegt að skrá heiti eða titil þess texta sem nemandi les á hverju og einu hraðlestrarprófi. Í dálk fjögur skal skrá atkvæðafjölda og skal skrá hann sem fjölda rétt lesinna atkvæða á einni mínútu. Þar fyrir aftan er hægt að skrá orðafjölda sem nemandi les á einni mínútu. Kennurum er í sjálfsveld sett hvort þeir skrá atkvæðafjölda, orðafjölda eða hvoru tveggja. Í aftasta dálkinn skal skrá athugasemdir ef einhverjar eru.

Dagsetning	Nafn þess sem lagði prófið fyrir	Heiti /titill texta sem lesinn er	Atkvæða-fjöldi	Athugasemdir

Framhald

Dagsetning	Nafn þess sem lagði prófið fyrir	Heiti /titill texta sem lesinn er	Atkvæða- fjöldi	Athugasemdir

Orð og orðleysur. Í fremsta dálkinn skal skrá dagsetningu og aldur barns þegar prófið er tekið. Aldur barns skal skrá í árum og mánuðum, dæmi: barn sem er 7 ára og 11 mánaða skal skrá sem 7,11 ára, barn sem er 8 ára og 2 mánaða skal skrá sem 8,2 ára. Í fremsta dálkinn skal skrá dagsetningu, í dálk tvö skal skrá nafn þess kennara sem lagði prófið fyrir. Í þriðja dálkinn (stök orð) skal skrá hversu mörg orð nemandinn las rétt og af hve mörgum. Ef nemandi les sex orð rétt af tíu skal skrá 6/10. Orðleysur skal skrá með sama hætti í fjórða dálkinn. Í athugasemdadálkinn skal skrá athugasemdir ef einhverjar eru.

Dagsetning	Nafn þess sem lagði prófið fyrir	Stök orð Rétt lesin orð/heildarfjöldi orða.	Orðleysur Rétt lesin orð/heildarfjöldi orða.	Athugasemdir

Skýringar með ferilbók

Hér á eftir er leitast við að skilgreina og útskýra stjórnumerkt hugtök og atriði í ferilbókinni.

Hugtakaskýringar

Leshömlun er hugtak sem notað er yfir sértæka lestrarörðugleika. Ýmis önnur hugtök hafa einnig verið notuð í íslensku um leshömlun eins og dyslexía, lesblinda og sértækir lestrar- og skriftarörðugleikar. Alþjóðlegu dyslexíusamtökin hafa skilgreint leshömlun á eftirfarandi hátt: Leshömlun verður til vegna taugafræðilegrar röskunar. Leshömlun lýsir sér meðal annars í erfiðleikum með orðakennsl, lélegri stafsetningu og slakri umskráningarfærni. Þessir erfiðleikar eru afleiðing skorts á hljóðkerfislegum þætti tungumálsins og eru óháðir greind og öðrum vitsmunalegum hæfileikum. Erfiðleikarnir koma fram þrátt fyrir að vel sé staðið að lestrarkennslu. Leshömlun getur haft neikvæð áhrif á lesskilning og lestrarreynslu sem aftur hefur áhrif á þróun orðaforðans og þekkingaröflun (International Dyslexia Association, 2011–2012).

Tvítyngi er það nefnt þegar börn læra fleiri en eitt tungumál. Börn geta átt eitt móðurmál sem þau læra hjá foreldrum sínum og bæta síðan tungumáli samfélagsins við, eða þau eiga tvö móðurmál sem þau læra ýmist samhliða eða hvort á eftir öðru, til dæmis vegna þess að foreldrar þeirra eru af sitt hvoru þjóðerninu. Þá er það einnig til í dæminu að börn eigi sér tvö móðurmál og tungumálið sem talað er í samfélaginu er þá þriðja málið (Birna Arnbjörnsdóttir, 2008, bls. 17–19; Sigríður Ólafsdóttir og Freyja Birgisdóttir, [án ártals]).

Skýringar á einstaka atriðum í ferilbók

A–1 og **A–2** Fyrsta stigið í þróun ritunar byggir á því að barnið getur haldið á skriffæri og beitir því á blaði á þann hátt að til verða einstaka strik á blaðinu.

A–5 Áhuga ungra barna á bókum er hægt að meta með því að fylgjast með hvort þau sækja í að skoða bækur, hvort þau biðji um að láta lesa fyrir sig og hvort þau sýni lestrarstundum áhuga.

A–6 Verið er að leita eftir fyrsta stigi í þróun endursagnar en þá beinir barnið sjónum sínum að stöku myndum í bókinni og segir hvað er á myndunum. Barnið hefur ekki náð því stigi að geta endursagt sögu í samhengi.

A–9 Fyrsta stigið í þróun ritunar felur meðal annars í sér að barnið krotar tilviljanakennt og merkingarlaust. Segja má að verk barna á þessu stigi sé krass eða óreglulegt krot.

A–13 Barnið spyr um ritaðan texta í umhverfinu, spyr hvað stendur á skiltum, biður um að skilti eða annar ritaður texti í umhverfinu sé lesinn fyrir það, spyr hvað aðrir séu að skrifa eða lesa og svo framvegis.

A–15 Verið er að leita eftir hvort barnið kunni einhverja bókstafi í nafninu sínu, ekki er gert ráð fyrir að það þekki þá alla. Þá er ekki gerður greinarmunur á hvort um há- eða lágstafi er að ræða.

A–16 Verið er að leita eftir hvort barnið þekki einhver hljóð í nafninu sínu, ekki er gert ráð fyrir að það þekki þau öll.

A-18 Annað stig í þróun ritunar byggir á því að barnið teiknar hringi, línur, bylgjur og mynstur sem endurtekur sig til að líkja eftir raunverulegu ritmáli.

A-19 Barn sem greinir á milli mismunandi tákna sem það skrifar getur sagt til um hvaða rittákn það var að skrifa, þó svo að fullorðnum sýnist táknið jafnvel að engu leyti líkt því tákni sem barnið segist hafa skrifað. Aðalatriðið er að barnið veit sjálft hvað það var að skrifa og greinir táknið frá öðrum táknum.

A-24 Verið er að leita eftir hvort barnið þekki form nafnsins síns. Ekki skiptir máli hvort nafnið er skrifað með hástöfum eða lágstöfum en gott væri að taka fram í athugasemdum á hvorn veginn það er.

A-25 Verið er að leita eftir hvort barnið kunni einhverja bókstafi í nöfnum foreldra sinna og systkina, til dæmis fyrsta stafinn.

A-26 Verið er að leita eftir hvort barnið kunni einhver hljóð í nöfnum foreldra sinna og systkina, til dæmis fyrsta hljóðið.

A-29 Verið er að leita eftir öðru stigi í þróun endursagnar en þá notar barnið myndir í bókum til að endursegja sögur. Barnið getur ekki sagt söguna í samhengi og þarf hlustandinn að sjá myndirnar til að geta fylgt söguþræðinum og skilið söguna.

A-30 Barnið veit að þegar lesið er skal lesið frá vinstri til hægri.

A-31 Barnið gerir greinarmun á því hvenær það er að teikna og hvenær það er að skrifa og getur útskýrt verk sín með tilliti til þess. Dæmi um þetta er þegar barn sýnir verk sitt og bendir á hvar það skrifaði og hvar það teiknaði. Á þessu stigi geta rittáknin líkst teikningu meira en rittáknum í augum þeirra sem hafa lært að rita texta.

A-32 Barnið þekkir ritun í umhverfinu, til dæmis ýmis konar tákni, skilti og merki og veit fyrir hvað þau standa.

A-33 Barnið veit að titill er nafnið á bókinni og að titillinn er alltaf á forsíðu bókarinnar.

A-34 Barnið veit að titilsíða er fremsta ritaða blaðsíðan í bók og að á titilsíðu er titill bókar.

A-39 Hér er vísað til orðakennsla sem felur það í sér að barnið þekkir form orðsins eða útlit þess og veit fyrir hvað það stendur án. Oftast læra börn fyrst að þekkja stutt, algeng orð, til dæmis *og, er, sem, í, ekki* o.s.frv. Nafn barnsins er undanskilið þessum áfanga þar sem um það er fjallað annars staðar í ferilbókinni.

A-40 Barnið hefur þegar aflað sér þeirrar vitneskju að vita að lesið er frá vinstri til hægri. Á þessum tímapunkti veit barnið hins vegar líka að byrjað er að lesa efst á blaðsíðu og þaðan niður síðuna.

A-42 Verið er að leita eftir þriðja stigi í þróun endursagnar en þá endursegir barnið sögu með því að skoða myndirnar, raddblær gefur til kynna að barnið er að lesa og hlustandinn þarf ekki nauðsynlega að sjá myndirnar til að skilja samhengið í sögunni.

A-43 Leitað er eftir hvort barnið skrifi stafi á stangli, ekki í rituðum texta. Hér eru stafir í nafni barnsins undanskildir.

A-44 Leitað er eftir hvort barnið skrifi orð á stangli, ekki í rituðum texta. Nafn barnsins telst ekki orð í þessu samhengi.

A-45 Barnið veit að orð eru skrifuð frá vinstri til hægri.

A-47 Ekki er gerður greinarmunur á hvort barnið skrifar nafið sitt með hástöfum eða lágstöfum. Hins vegar væri vert að færa þær upplýsingar inn í athugasemdadálkinn.

A-48 Barnið notar þekkingu sína á bókstöfum en grípur einnig til þess að nota sitt eigið táknkerfi inn á milli bókstafanna, stundum kallað leyniskrift.

A-49 HLJÓM-2 Skrá skal aldur barnsins þegar prófið var lagt fyrir og stigafjölda hvers þáttar fyrir sig í athugasemdardálkinn. Gott er að skrá hæsta mögulega stigafjölda í sviga fyrir aftan stigafjölda barnsins.

B-1 Tvíhljóðin *au*, *ei* og *æ* eru ekki talin með.

B-2 Leitað er eftir hversu stór orðaforði barnsins er. Þegar barnið hefur náð þeim áfanga að nota um það bil 50 orð má merkja við þennan reit.

B-4 Á þessum aldri byrja börn að nota sagnir sem tengjast daglegum athöfnum þeirra eins og borða, sitja, kubba, lita, keyra, labba og sofa.

B-6 Fyrirmælin krefjast þess að barnið saki hluti sem það þekkir og veit hvar eru.

B-10 Barnið notar ekki lengur orð í eintölu um marga hluti og er til að mynda farið að nota fleirtölumyndir eins og kubbar, bílar, dúkkur, boltar o.s.frv.

B-11 Barnið notar fyrstu persónufornafnið *ég* um sjálft sig, til dæmis *ég vil brauð*, *ég vil lesa*, *ég heiti* o.s.frv.

B-19 Hljómfall raddarinnar gefur til kynna að barnið sé að spyrja spurningar þó svo að það nái ekki að mynda rétta orðaröð í spurnarsetningu.

B-20 Stuttar samræður eru samræður þar sem barnið leggur tvisvar til þrisvar sinnum orð í belg í víxlverkan við viðmælanda sinn.

B-22 Dæmi um fyrirmæli sem krefjast skilnings á forsetningum: *náðu í boltann sem er undir borðinu*, *settu bókina í hilluna*.

B-27 Barnið notar til dæmis *þær* um orðið *bækur*; *þær eru í hillunni*, og *hann* um bangsann sinn; *hann er í rúminu mínu*.

B-30 Dæmi um lýsingarorð sem börn nota á þessum aldri: *stór*, *lítill*, *hratt*, *hægt*, *þungt*, *létt*, *kalt* og *heitt*.

B-36 Barnið er byrjað að nota þátíð en beyging sagnanna er ekki endilega rétt. Upp úr þessu fara að verða miklar framfarir í þátíðarbeygingum sagna og um átta ára aldur ráða börn almennt við að beygja flestar sagnir.

B-37 Barnið notar samsettar setningar með orðinu *og*. Dæmi um slíka setningu: *Pabbi eldaði matinn og mamma lagði á borðið*. *Jói málar mynd og Dísu perlar*.

B-40 Hér er leitað eftir skilningi barnsins á skyldleikahugtökum sem tengjast því sjálfu. Barnið skilur mörg skyldleikahugtök út frá sjálfu sér og systkinum sínum, eins og hugtökin mamma, pabbi, afi, amma, frændi og frænka. Barnið skilur hins vegar ekki að afi og amma geti verið mamma og pabbi eða að frændi sé bróðir mömmu eða pabba. Skilningur barnsins á skyldleikahugtökum á þessum aldri byggir því alfarið á tengslum hugtakana við barnið sjálft. Orðið skyldleikahugtök hefur sömu merkingu og venslahugtök.

B-41 Flókin fyrirmæli fela í sér tvenn fyrirmæli í einu og gætu einnig innihaldið forsetningu. Dæmi flókin fyrirmæli: *Gakktu frá skónum þínum og farðu svo og náðu í boltann sem er undir borðinu.*

B-46 Það getur verið erfitt að gera sér grein fyrir hvort þessum áfanga er náð. Þess vegna þarf oft að hlusta sérstaklega eftir því, til dæmis þegar barnið er í leik, þegar það segir frá atburðum eða í samræðum við barnið. Dæmi um notkun afturbeygða fornafnsins *sig*: Gunna klæddi sig í sokkana sjálf, Jón meiddi sig, Helga málar á sig.

B-49 Dæmi um óbeina spurningu: *Nonni spurði hvort það yrði fiskur í matinn. Gauti spurði hvort ég ætlaði í sund á morgun.*

B-52 Flóknari setningar eru til dæmis setningar þar sem stigbreytingar lýsingarorða eru réttar og setningar sem innihalda kennimyndir sagna, til dæmis *ég hef kunnað, við fundum.*

B-56 Þegar barn á þessum aldri segir sögu sem röð atburða er ekki nauðsynlegt að sagan hafi aðalpersónur og sögusvið. Oft segja börn nafn einnar aðalpersónu í upphafi sögunnar en nefna hana aldrei á nafn aftur. Dæmi um slíka sögu: *Einu sinni fór Gunnar að veiða og hann hitti mann og svo fór hann að hjálpa honum að veiða og hann veiddi marga fiska svo fór hann keyrandi á bílnum sínum burt en hann fór heim.*

B-58 Verið er að leita eftir fjórða stigi í þróun endursagnar en þá getur barnið endursagt sögu í meginatriðum og í góðu samhengi. Þegar barnið endursegir sögu með bók fyrir framan sig þá beinir það sjónum sínum meira að letrinu heldur en myndunum, þó svo að það sé ekki byrjað að lesa.

B-60 Dæmi um setningar í þolmynd: *Nonni var laminn, Sigga var lokuð inni.*

B-62 Barnið getur sagt sögu með söguþræði; upphafi, endi, vandamáli og lausn en gerir ekki mun á aðal- og aukaatriðum. Oft vantar aðdraganda að endi í sögur hjá börnum á þessum aldri.

C-5 og **C-6** Stafrófinu er skipt upp til að sjá á hvaða tímapunkti barn hefur náð tökum á hvorum áfanga fyrir sig.

C-7 og **C-8** Nauðsynlegt er að kenna börnum hugtökin hástafur og lágstafur. Oft hafa hugtökin stór og lítill stafur verið notuð en það getur misskilist þar sem dæmin sanna að hástafurinn B getur verið mjög lítill: B

C-10 Umskráning er hugtak sem er notað yfir ferlið að umskrá bókstafi í mállhljóð. Barnið sér bókstaf sem það þekkir, sækir hljóðið í minnið og segir hljóð bókstafsins.

C-14 Merkja má við þennan reit þegar barnið man alla jafna eftir því að nota greinarmerkið og notar það rétt.

C-16 Hljóðritun lýsir sér í því að barnið hljóðar sig í gegnum orðin og skrifar í samræmi við hljóðin sem það heyrir. Barnið þekkir engar eða lítið af orðmyndum.

C-17 Barnið þekkir orðmyndir algengra orða og þarf ekki að hljóða sig í gegnum orð til að skrifa þau.

C-18 Barnið getur til dæmis skrifað innkaupalista, óskalista, minnislista og svo framvegis.

C-40 Barnið veit hvernig nota má hjálparorðin *minn* og *mín* til að bæta greini aftan við nafnorð.

C-41 Barnið getur skráð framkvæmd tilraunar á þann hátt að aðrir geti nýtt sér skrifin til að endurtaka tilraunina. Þá þarf meðal annars að koma fram hvaða efni og áhöld voru notuð, hvernig tilraunin var framkvæmd og hver var niðurstaða hennar.

C-43 Barnið kemur sjálft auga á stafsetningavillur í eigin texta.

C-44 Merkja má við þennan reit þegar barnið man alla jafna eftir því að nota greinarmerkin og notar þau rétt.

D-1 Rannsóknir hafa sýnt fram á arfgengi leshömlunar og því er mikilvægt að leita upplýsinga um hvort það sé saga um leshömlun í fjölskyldunni.

D-2 Hafa skal í huga að ekki hafa allir fengið greiningu á leshömlun þó svo að þeir beri sterk einkenni hennar.

E-1 Ef barn er tvítyngt er mikilvægt að hafa í huga að taka aldursviðmiðum í ferilbókinni með fyrirvara þar sem tvítyngd börn eru oft seinni til máls og lengur að þróa málþroska sinn. Þetta skal einnig hafa í huga þegar viðmið um lesskilning eru skoðuð en þar hefur orðaforðinn áhrif.

E-6 Gott er að láta upplýsingar um málþroska barnsins á móðurmálinu fylgja ferilbókinni ef því verður við komið. Málþroski barns á móðurmáli þess getur verið lengra á veg kominn heldur en málþroski og færni á nýja málinu.

Heimildir

- Birna Arnbjörnsdóttir. (2008). Tvítýngi, annað mál, erlent mál. *Málfríður*, 24(1), 17–23. Sótt 12. mars 2014 frá http://malfridur.ismennt.is/vor2008/pdf/malfridur_24-1_17-23.pdf
- Bruder, M. (2010). Early childhood intervention: a promise to children and families for their future. *Exceptional Children*, 76(3), 339–355.
- Dunst, C.J. (2000). Revisiting „Rethinking early intervention“. *Topics in Early Childhood Special Education* 20(2), 95–104.
- Freyja Birgisdóttir. (2010). Einstaklingsmunur og þróun læsis hjá fögra til sjö ára börnum. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*, 1–8. Sótt 15. mars 2014 frá <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/010.pdf>
- Gunn, B., Simmons, D. og Kemeenui, E. (1995). *Emergent literacy: synthesis of the research*. Sótt 26. september 2009 frá <http://www.researchconnections.org/childcare/resources/2776/pdf>
- Halldóra Haraldsdóttir. [án ártals]. *Bernskulæsi*. Sótt 22. apríl 2014 frá Lesvefurinn: <http://lesvefurinn.hi.is/node/135>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu: Sögubýgging og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna – almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 9–31.
- International Dyslexia Association*. (2011–2012). Sótt 24. apríl 2014 frá About dyslexia - definition: <http://dyslexia-ca.org/a-dysdef.phtml>
- Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2012). Textaritun byrjenda. Frásagnir og upplýsingatextar barna í 1. bekk grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 11. janúar 2014 frá <http://netla.hi.is/menntakvika2012/012.pdf>
- Sigríður Ólafsdóttir og Freyja Birgisdóttir. [án ártals]. *Tvítýngi og læsi*. Sótt 27. febrúar 2014 frá Lesvefurinn: <http://lesvefurinn.hi.is/node/147>
- Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn*, 19(1), 5–7.
- Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun – yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Þroskahömlun barna: orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 119–125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

DRÖG